

Laugardaginn 18. janúar 1992.

Nr. 5/1992.

Ákærvaldið

gegn

Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni.

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. og 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 10. tl. sömu gr., skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur um farbann. Kæran er frá 30. desember 1991, en barst Hæstarétti 3. janúar 1992.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Réttinum barst 16. janúar 1992 greinargerð varnaraðila, dagsett 14. janúar. Varnaraðili hefur ekki sett fram formlegar kröfur, en líta verður svo á, að með kærunni krefjist hann þess, að Hæstiréttur felli farbannsúrskurðinn úr gildi.

I.

Varnaraðili óskaði eftir því í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur 30. desember 1991, að skipaður verjandi sinn yrði leystur undan starfanum. Jafnframt óskaði varnaraðili eftir, að tiltekinn lögmaður yrði skipaður verjandi, en sá lögmaður baðst undan starfanum sökum anna. Hefur varnaraðili ekki bent á annan íslenskan lögmann sem verjanda sinn. Jafnframt hefur hann lýst yfir við Hæstarétt, að hann muni sjálfur fylgja fram vörn í kærumáli þessu. Þykir verða við það að sitja, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 74/1974.

Í greinargerð varnaraðila segir:

„1) Farbann frá Íslandi hefur verið í gildi í fjóra mánuði frá og með 18. október 1991 og framlenging var úrskurðuð í undirrétti þar til 30. mars 1992, samtals sjö mánuðir. Farbannið er í sjálfu sér stórfelldur refsíðingur, en þeir, sem eru í farbanni, eru í reynd fangar hins íslenska réttarkerfis.

Ég er þeirrar skoðunar, að sá tími, sem fer í farbann frá Íslandi, verði að vera metinn, með því það virðist óhugsandi, að farbannið

teljist ekki annar refsíðomur og að þannig sé dæmt tvívegis fyrir eitt dómsmál, en það er ótækt. Auk þess er farbannstíminn mun lengri en tíminn, sem upprunalegur refsíðomur áskilur.

2) Engar sannanir eru fyrir því að frekari framlenging banns sé nauðsynleg. Stefndi hefur verið samvinnuþýður í öllum þáttum málsins og ekki eru nein sönnunargögn á annan veg.

3) Ég á mjög erfitt með að skilja hvernig íslenska réttarkerfið getur réttlætt að halda útlendingi í farbanni langt tímabil. Meðan sá maður er í banni er hann algjörlega á valdi ríkisins (eins og fangi er) án starfsleyfis eða getu til að sjá sér farborða. Þetta er ekki réttlæti, heldur frekar sýndardómstóll.“

III.

Varnaraðili er erlendur maður og kom til landsins 19. september 1991. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 19. nóvember 1991 var hann dæmdur til að sæta sex mánaða fangelsisvist, en þar af var helmingur skilorðsbundinn í þrjú ár. Þeim dómi óskaði varnaraðili affrýjað til Hæstaréttar.

Við rannsókn málsins hefur verið aflað upplýsinga frá Interpol um varnaraðila. Komið hefur fram, að fingraförum hans ber saman við fingraför manns, sem hlotið hefur refsíðom í Kanada sem Lars-Erik Torbjörn Matti Pekka Gunnarsson og fæddur er 8. september 1965 í Manitoba í Kanada.

Varnaraðili hefur sætt farbanni frá 18. október 1991 samkvæmt fjórum úrskurðum sakadóms Reykjavíkur. Hinn fyrsti var kveðinn upp 18. október 1991, og var hann staðfestur með dómi Hæstaréttar 25. sama mánaðar. Úrskurður um framlengingu farbanns til 13. nóvember 1991 var kveðinn upp 30. október og staðfestur með dómi Hæstaréttar 5. nóvember. Með úrskurði 13. nóvember 1991 var farbannið framlengt til 30. desember. Með úrskurði þeim, sem hér er til meðferðar, var farbannið framlengt, þar til Hæstaréttardómur gangi í máli ákærvaldsins gegn varnaraðila, en þó ekki lengur en til 4. mars 1992 kl. 16.00.

Hæstarétti hafa borist dómssgerðir og ágrip sakadómsmálsins, og hefur málið hlotið númerið 494/1991. Munnlegur málflutningur í Hæstarétti er ráðgerður 30. þessa mánaðar.

Með vísan til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Uppkvaðning dóms í kærumálinu hefur dregist nokkuð, þar sem beðið hefur verið eftir greinargerð varnaraðila, en hann hefur ekki orðið við tilmælum um að benda á lögmann sem verjanda sinn.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. desember 1991.

Ár 1991, mánudaginn 30. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni, sem talinn er namibískur ríkisborgari, fæddur 8. september 1965, verði gert að sæta áframhaldandi farbanni frá lokum þess farbanns, sem rennur út kl. 16.00 í dag, þar til dómur Hæstaréttar Íslands gengur í máli ákærvaldsins gegn honum, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 4. mars nk. kl. 16.00. Enn fremur verði honum á farbannstímanum uppálagt að halda sig innan íslenskrar lögsögu og verði meinud för frá Íslandi, og halda skuli hann sig innan aðalstarfssvæðis RLR og koma á skrifstofu RLR dag hvern kl. 11.00 eða á annan umsamin stað og tíma dagsins.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 19. nóvember sl., var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá mánuði skilorðsbundið, fyrir brot gegn 248. og 249. gr. almennra hegningarlaga. Dómi þessum áfrýjaði ákærði til Hæstaréttar innan lögboðins áfrýjunarfrests.

Frá 18. október sl. hefur ákærði sætt farbanni, síðast með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 13. nóvember sl.

Gögn málsins hafa verið útbúin í hendur Hæstarétti, og hefur það hlotið þar málsnúmerið 494/1991.

Af hálfu ákærvalds hefur verið upplýst, að þess sé vænst, að unnt verði að taka málið fyrir í Hæstarétti í janúarmánuði nk., en ekki sé vitað nánar, hvenær í mánuðinum.

Til að tryggja nærveru ákærða við uppsögu dóms Hæstaréttar Íslands í máli hans þykir óhjákvæmilegt með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. mgr. 72. gr. laga nr. 74, 1974, og með hliðsjón af þeim lagasjónarmiðum, er liggja til grundvallar 3. tl. 1. mgr. 67. gr. sömu laga, svo og til 15. gr. laga nr. 45, 1965, um eftirlit með útlendingum, að verða við kröfu ákærvaldsins, svo sem nánar greinir í úrskurðarorði.

Þá hefur ákærði farið þess á leit við dóminn, að sér verði afhent öll gögn sín, en þau munu vera í vörslum Útlendingaeftirlitsins.

Meðal gagna málsins er listi yfir þessa muni, en þeir voru haldlagðir með dómsúrskurði, meðan á rannsókn málsins stóð. Að lista þessum athuguðum og virtum þykir rétt að heimila, að ákærða verði afhentir þeir munir, sem á listanum greinir, þó að undanskildu vegabréfi hans og flugfarsseðlum.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákærði, Þorbjörn Vilhelm Gunnarsson, sem talinn er namibískur ríkisborgari, fæddur 8. september 1965, skal sæta áfram farbanni, þar til hæstaréttardómur gengur í máli ákæruvaldsins gegn honum, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 4. mars nk. kl. 16.00. Hann skal halda sig innan íslenskrar lögsögu og er meinuð för frá Íslandi, og halda skal hann sig innan aðalstarfssvæðis RLR og koma á skrifstofu RLR dag hvern kl. 11.00 eða á annan umsaminn stað og tíma dagsins til að tilkynna um veru sína.

Ákærða er heimilt að fá afhenta alla þá muni sína, sem nú eru í vörslum Útlendingaeftirlitsins, að undanskildu vegabréfi og flugfarsseðlum.
